

Fundargerð – 520. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sf var haldinn þriðjudaginn 8. desember 2020, kl. 16:30. Fundurinn var haldinn með fjarfundarsniði.

Mættir: Önundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Stefnumótun stjórnar.
3. Sala gömlu stöðvar Kölku.
4. Framtíðarhorfur Kölku.
5. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra:

1. Engin alvarleg öryggis- eða umhverfisatvik hafa orðið frá síðasta stjórnarfund. Unnið hefur verið að atvikaskráningarkerfinu „Atvik“ og var sú vinna yfirfarin í öryggisnefnd í byrjun aðventu.
 2. Forföll í starfsmannahópi Kölku hafa verið með mesta móti að undanfögnu. Er þar að hluta um að kenna Covid 19.
 3. Framkvæmdastjóri hefur lokið gerð starfslokastefnu og stefnu aðgerðaráætlunar í eineltis- og áreitnimálum. Stefnurnar voru lagðar fram til kynningar.
 4. Afköst í brennslu hafa verið meiri í nóvember 2020, borið saman við sama mánuð ári áður. Tvær bilanir komu upp í nóvember, önnur í brennslulínu og hin í vigt, sem vöruðu þó stutt.
 5. Unnið er að uppsetningu nýs vigtarkerfis.
 6. Unnið er að uppsetningu á nýjum vef og er fyrirhugað að hann fari í loftið 15. desember næstkomandi.
 7. Samantekt á móttöku á timbri á árinu var lokið fyrir skemmstu.
 8. Enn er unnið að könnun á fýsileika nýrrar flugöskugeymslu og markmiðið að fá botn í málið fyrir áramót.
- 2. Stefnumótun stjórnar:** Rætt var um hvernig Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna koma inn í stefnumótun félagsins og áfram er unnið að stefnumótuninni.
- 3. Sala gömlu stöðvar:** Ekki hefur fundist leið til að ganga frá sölu á gömlu brennslustöðinni en það hefur verið til skoðunar frá því í júní. Eins og málum er háttað er ekki útlit fyrir annað en Kalka verði áfram eigandi stöðvarinnar og leigutaki lóðar.
- 4. Framtíðarhorfur Kölku:** Umræður fóru fram í stjórn um framtíðarhorfur Kölku.
- 5. Önnur mál:**
Fram komu ábendingar að fundargerðir stjórnar hafi ekki borist til sveitarfélaganna og framkvæmdastjóra var falið að laga það.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18.00.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 12. janúar 2021.

Fjarfundur, fundargerð samþykkt með tölvupóstum.

Önundur Jónasson

Ásrún Kristinsdóttir

Laufey Erlendsdóttir

Páll Orri Pálsson

Inga Rut Hlöðversdóttir

Steinþór Þórðarson